

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorgeirs Þorgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytninguþlaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 14.000,00.

Föstudaginn 22. mars 1985.

Nr. 64/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1985, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald það, er Magnúsi Einarssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Klapparstíg 11 hér í borg, fæddum 6. desember 1948, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 8. mars sl. og rennur út í dag kl. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þessir:

RLR hefur síðan í fyrri viku unnið að rannsókn á innbroti í söluskála Skeljungs við Brúartorg í Borgarnesi, sem framið var aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl., en þar var stolið 200.000,00 kr. í peningum og ávísunum.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar máls þessa þann 8. mars sl. og hefur neitað með öllu að eiga hlut þar að, bæði í skýrslum hjá RLR og fyrir dómi. Hins vegar liggur frammi í málinu framburður Unnars Sigurðar Hansen, sem hefur borið í skýrslu hjá RLR að hafa í félagi við Má Kjartansson og kærða Magnús Einarsson brotist inn í söluskála Shell við Brúartorg, Borgarnesi, aðfaranótt 4. mars sl. Unnar hefur borið, að leigð hafi verið bílaleigubifreið til fararinnar. Þeir Magnús hafi heimsótt Má í Hlaðgerðarkot ásamt Anný Margrétu Ólafsdóttur á sunnudegi og þá verið lögð á ráðin um innbrot. Þeir Magnús hafi síðan tekið Má um nóttina við Hlaðgerðarkot og farið í Borgarnes, þar sem innbrot var framið á Shellstöðinni og hafi þýfið verið 104.000,00 í peningum auk ávísana, samtals kr. 80.000,00, en þeir hafi fleygt ávísunum ásamt fleiru rétt sunnan við Botn í Hvalfirði. Unnar hefur borið að peningunum hafi þeir skipt jafnt á milli sín og 34-35.000,00 komið í hlut hvers um sig. Már hafi verið skilinn eftir í Hlaðgerðarkoti, en þeir Magnús keyrt áfram til Reykjavíkur og skilið bifreiðina eftir við Rauðarárstíg. Þar hafi þeir hitt leigubifreiðastjóra, Gísla, er hafi ekið þeim að kaffivagninum á Granda, og þar hafi leiðir skilið.

Anný Margrét Ólafsdóttir hefur borið í skýrslu hjá RLR, að hún hafi ásamt „Sigga“ og Magnúsi farið að Hlaðgerðarkoti í heimsókn til Másunnudaginn 3. mars sl. og þeir þá talað „undir rós“ um „rán“ og að þeir ætluðu að fara eitthvað á bílaleigubifreið, sem þeir hygðust taka á leigu.

Gísli Snorrason leigubifreiðastjóri hefur staðfest í skýrslu hjá RLR að hafa ekið Magnúsi Einarssyni ásamt fleirum aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl. og jafnframt að kærði hafi látið hann hafa 20.000,00 í peningum, 10.000,00 upp í skuld og 10.000,00 hafi kærði beðið hann að geyma. Kærði hefur við sampröfun alfarið neitað þessu.

Guðni Geir Helgason hefur greint frá því í skýrslu hjá RLR, að hann hafi sunnudaginn 3. mars sl. tekið bílaleigubifreið á leigu fyrir Magnús

Einarsson, er bifreiðinni var skilað á þriðjudag, hafði henni verið ekið 435 km.

Svo sem að framan er rakið, er verulegt misræmi í framburði kærða og annarra, er gefið hafa skýrslu í máli þessu.

Kærði Már hefur alfarið neitað að hafa brotist inn í söluskála Shell aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl.

Kærði Magnús hefur ekkert unnið frá því hann kom úr afplánun þann 14. júlí 1984 af Litla-Hrauni.

Á síðasta ári var hann tvívegis úrskurðaður í gæsluvarðhald, í annað skipti vegna innbrots í útsölu ÁTVR á Akranesi.

Sakavottorð kærða, dags. 11.03. 1985, liggur frammi í málinu, þar sem fram kemur, að kærði á að baki langan brotaferil og hefur margfalt verið dæmdur fyrir hengingarlagabrot (sic).

RLR sendi í febrúar 3 mál til ríkissaksóknarar varðandi kærða, og þ.á m. var málið varðandi innbrot í ÁTVR á Akranesi.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að kærði er síbrotamaður, sem eigi stundar fasta vinnu og hefur eigi fastan dvalarstað og hefur ofan af fyrir sér með brotastarfsemi.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að enn sé ólokið rannsókn á innbroti í söluskála Shell í Borgarnesi. Þykir því rétt með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.
